

Fossá við Bolungarvík vhm 11.

VATNAMELINGUR
22. skilag sein
FRUMRIT

Síðan 1945 hafa verið reglubundnar vatnamelingu í Fossá í Hólshreppi. Áin er mæld á 150 cm breiðu yfirlalli á Reiðhjalla, en þangað upp næði þrýstivatnspipa rafstöðvar, ef án yrði virkjuð. Eftir hjallanum hefur verið grafinn skurður, sem safnar saman öllu því vatni, sem hægt er að ná til Fossár. Sé meðfylgjandi langæislínurit athugað kemur í ljós að minna vatn hefur verið í Fossá árin 1945 og '46 heldur en síðar, en það mun orsakast að einhverju leyti af því að þá var nefndur skurður ekki fullbúinn.

Talað hefur verið um að ná Tröllá, sem er smálækur, vestar og norðar, inn í Fossá, en það kemur ekki til greina. Því að í 380 m hæð, þar sem yrði að taka Tröllá upp og leiða í pipum óra veg eftir hjallanum (opinn skurður útloksður) er hún aðeins 1/6 af vatnsmagni Fossár.

Úrkamusvæði Fossár er um $1,3 \text{ km}^2$

Meðalársagni $5,56 \text{ millj. m}^3$

Meðalrennsli 176 l/sek

Minnsta rennsli til 31/12/50 75 l/sek

Mesta rennsli um 500 l/sek

Minnsta rennsli til 30/4/51 50 l/sek

Langæislínuritið þarf ekki útskýringar við, það gefur gleggsta mynd á hæfni árvatnsins til virkjunar, þar sem miðlun kemur ekki til greina.

Að sjálfssögðu er árið 1951 ekki með á línuritinu, en það sem af er árinu, skýtur heldur skökku við með vatnsmagnið. Veturinn hefur verið illur og harður þar vestra.

Niðurstöður mælinganna eru á þessa leið:

Meðalrennsli í janúar 114 l/sek

"	" febr.	100	"
"	" marz	80	"
"	" apríl	56	"

Eftir áramót hefur ekki leyst snjó á úrkomusvæðinu, þar til að þar hefur klökknað fjóra síðustu daga mánaðarins.

Auk þess, sem ég hef komið að Fossá að sumríttil, hef ég athugað hana að vetrarlagi, en það var 29. jan. 1950. Veður var bjart, logn og fjögurra stiga frost. Þá var meira vatn í Fossá heldur en búast mætti við, ef hún, með sitt litla úrkomusvæði, er borin saman við aðrar ár.

Vatnsmagnið var 114 l/sek. Þá var mikill snjórf á úrkomusvæðinu. Skeft hafði yfir árgilið. Að stöku stað hafði snjórinna fallið niður og frá þeim augum var manngengt undir snjóbrýrnar, þannig hafði hiti árvatnsins étið snjóinn að neðan. Vatnshítinn var 0.6°C. Þessa daga var algengt að finna fjallalaðki, sem fluttu ísnálar og hlöðu upp svellbólstra.

I fyrstu snjóum er hætta á að Fossá teppist, en það mun ekki standa lengi - einn dag eða svo. Aðdragandinn er ekki langur. Fossá nær aðeins stutt inn á sitt litla trapizulagaða úrkomusvæði. Hún seytlar fram undan Melhólum og Úrðarköntum.

18.5. 1951

Sigurjón Rist